



## Alþýðusamband Íslands

### Forsetabréf

Erfiðleikar þjóðarinnar eru ærnir en lengi getur vont versnað. Í vikunni voru gjaldeyrishömlur sem settar voru í nóvember hertar til muna. Það er eðlilegt að spurt sé á hvaða vegferð við Íslendingar erum þegar við sjálf setjum lög sem að banna útflutningsfyrirtækjum okkar að selja afurðir eða þjónustu í íslenskum krónum. Við virðumst því miður vera að múra okkur inn í höft og bönn. Haftastefna hefur aldrei reynst vel og hún felur alltaf í sér minnkandi hagvöxt og það er ekki það sem við Íslendingar þurfum einmitt núna. Það sem við þurfum er aukin trúverðugleiki. Það þarf trúverðugleika til að fá aðgang að fjármagni svo hægt sé að byggja aftur upp öflugt atvinnulíf á Íslandi. Trúverðug efnahagsstefna og stöðugur gjaldmiðill er langmikilvægasti stuðningur sem við getum veitt nýsköpun og rannsóknarstarfi í landinu. Alþýðusambandið hefur lagt fram ítarlegar tillögur um hvernig við Íslendingar getum endurheimt trúverðugleikann. Aðild að ESB og upptaka evru er leið til að skapa slíkan trúverðugleika því með henni værum við að skuldbinda okkur til að uppfylla stöðugleika skilyrði ESB. Í því fellst að ná markmiðum um verðstöðugleika, jafnvægi í ríkisrekstri, gengisstöðugleika og hóflega vexti. Ég tek undir með Eddu Rós Karlsdóttur sem flutti athyglisvert erindi á aukaársfundi Alþýðusambandsins í lok mars. Þar sagði hún m.a.: „Um ESB og evruna gildir það sama og með flest annað, ekkert fæst fyrir ekki neitt. Við þurfum að auka stórkostlega aga í hagstjórn og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs. Íslendingar eru að ganga í gegnum mikið áfall en okkur býðst tækifæri til að ganga inn í stærra efnahagssvæði og myntsamstarf sem færir okkur aukið traust og trúverðugleika og mun þannig hraða uppbyggingu atvinnulífsins.“

Viðfangsefni stjórnámálanna í aðdraganda kosninga er að koma fram með trúverðugar hugmyndir um hvernig hægt sé að leiða þjóðina út úr vandanum. Nú hafa áherslur flokkanna verið að birtast að afloknum landsfundum þeirra. Ljót er að öll höfum við sama markmiðið, þ.e. að koma Íslandi á meðal þeirra þjóða sem best standa og bjóða upp á best lífsskilyrði í heiminum. Það sem menn greinir á um eru leiðirnar að því marki. Það fer samt ótrúlega lítið fyrir því í málflutningi flokkana hvernig þeir ætla okkur að komast á leiðarenda – hvernig við tryggjum stöðuleika í gengi, verðlagi og hóflega vexti. Það hlýtur að vera eðlileg krafa okkar sem kjósenda að fá að vita hvernig flokkarnir ætla að gera þetta. Það er stóra kosningamálið 25. apríl. Það er hollt fyrir okkur að muna, að við erum hluti af alþjóðlegu fjármálakerfi og vinnumarkaði og því verðum við að tryggja að erlendir aðilar hafi trú á aðgerðum okkar til endurreisnar, ef vel á að fara. ASÍ hefur lagt fram sína sýn og áherslur, en er jafnframt reiðubúið til að ræða allar hugmyndir sem leitt geti þjóðina út úr vandanum. Við hljótum samt að krefja þá svara, sem vilja ekki einu sinni kanna hvað kæmi út úr aðildarviðræðum við ESB, hvaða raunhæfu og trúverðugu tillögur þeir leggja fram til að íslensk þjóð geti risið upp á ný. Alþýðusambandið mun að sjálfsögðu hlusta og vera til samstarfs, en að sama skapi halda áður nefndum spurningum á lofti.

Gylfi Arnbjörnsson,

forseti ASÍ